



Lærdómar úr „Kófinu“

Lífið í landslaginu

Nýjar samráðsleiðir  
skila góðri þátttöku

Vegir í náttúru Íslands

Skipulagsglugginn  
í Tryggvagötu

Mynd: Anton Brink

## Lærdómar úr „Kófinu“

Útgáfa Torgsins, nýs fréttabréfs Skipulagsstofnunar, hófst á liðnu ári, en ætlunin er að það komi út tvisvar á ári. Við þökkum góðar móttökur við útgáfu fyrsta tölublaðsins. Í þetta sinn kemur það út heldur síðar en upphaflega var ætlað vegna „Kófsins“ og áhrifa þess á starfsemina nú síðvetrar og fram á vor. Um leið eru okkur hugleiknir ýmsir lærdómar sem draga má af þessu tímabili fyrir skipulagsmál. Bæði getum við dregið af því lærdóma um það hvaða möguleikar liggja lítt nýttir til þessa í ýmskonar rafrænu kynningarstarfi og samráði, þegar unnið er að mótun skipulagshugmynda og umhverfismati. En líka hefur þetta fordæmalaus ástand dregið skýrt fram ýmislegt varðandi útfærslu byggðar og samgangna og hvað gæði hins byggða umhverfis og nærumhverfi okkar skiptir miklu máli.

“Í grein, sem birtist á visir.is og vef Skipulagsstofnunar í apríl sl. deildi undirrituð [hugleiðingum um lærdóma úr „Kófinu“ fyrir skipulag bæja](#). Þá tókum við saman pistil í upphafi samkomutakmarkana í mars sl. með [hvatningu og hugmyndum um aðferðir við rafræna kynningu og samráð](#), sem áfram eru í fullu gildi, þótt hömlum hafi verið létt af.”

Ánægjulegt hefur verið að fylgjast með sveitarfélögum og framkvæmdaraðilum prófa sig áfram, undanfarna mánuði, með ýmsar nýjar leiðir við rafræna kynningu og samráð. Þær mun án vafa margar festa sig í sessi, þótt fólk muni jafnframt áfram vilja hittast og eiga orðastað, augliti til auglitis, um skipulags- og framkvæmdaáform.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir  
forstjóri

# Gerð strandsvæðis- skipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum

Nýjar samráðsleiðir og góð þátttaka



Samráðsvefsjá fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum sem opin var samhliða kynningu á lýsingum skipulagsverkefnanna í maí og fram í byrjun júní.

**Nú í vor hefur staðið yfir kynning á lýsingum fyrir gerð strandsvæðis-  
skipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum. Samhliða þeirri kynningu var opnuð samráðsvefsjá á vefnum, þar sem leitað var eftir hugmyndum og ábendingum um áhugaverða staði og núverandi nýtingu svæðanna til ólíkra athafna, sem og hugmyndum um önnur atriði sem hafa ætti í huga við mótun skipulagstillagna fyrir þessi svæði.**

Með samráðsvefsjanni er farin ný leið í samráði við almenning og hagsmunaaðila. Með þessari nálgun er mögulegt að virkja fleiri til þátttöku í skipulagsvinnu og ná til annarra hópa en myndu að jafnaði mæta á fundi um skipulagsmál og taka þátt.

Skemmst er frá að segja að samráðsvefsjanni hefur verið afar vel tekið. Heimsóknir á hana, þær fjórar vikur sem hún var opin, voru vel á annað þúsund og innlegg með fjölbreyttum upplýsingum, hugmyndum og ábendingum skipta hundruðum. Fólk hefur sett inn upplýsingar um hvernig

það nýtir tiltekin svæði auk skilaboða um hvaða áherslur það vill að hafðar verði að leiðarljósi við skipulag og nýtingu þessara svæða í framtíðinni. Meðal annars hafa verið lagðar fram upplýsingar um mikilvæg svæði fyrir kajakræðara og brimbrettafólk, mikilvæg dúntekjusvæði og veiðisvæði ákveðinna tegunda.

Þessar góðu viðtökur sýna svo ekki verður um villst að með viðeigandi nálgun og kynningu er hægt að virkja breiðan hóp fólks til þátttöku í skipulagsverkefnum á uppbyggilegum nótum og að það er ekkert því til fyrirstöðu að virkja fólk til þátttöku snemma í skipulagsferli og kalla eftir hugmyndum og upplýsingum, áður en skipulagstillögur hafa verið mótaðar og útfærðar.

Hægt er að fylgjast með og taka þátt í áframhaldandi vinnu við mótun strandsvæðisskipulags á Austfjörðum og Vestfjörðum á [www.hafskipulag.is](http://www.hafskipulag.is).

# Mótun landsskipulagsstefnu á lokametrum

Ýmis fróðleikur aðgengilegur úr ferlinu og málþing um landslag framundan

Tillaga Skipulagsstofnunar að landskipulagsstefnu mun liggja fyrir í haust, en í henni er sjónum sérstaklega beint að loftslagsmálum, landslagi og lýðheilsu. Áhersla er lögð á víðtækt samráð við mótun tillögunnar og verður hún kynnt opinberlega í átta vikur í haust, áður en henni verður skilað til umhverfis- og auðlindaráðherra. Ráðherra leggur hana síðan fram til samþykktar á Alþingi í formi þingsályktunartillögu.

## Umfangsmikið vinnuferli

Lýsing fyrir gerð landskipulagsstefnu um loftslag, landslag og lýðheilsu var kynnt snemma árs 2019. Í kjölfarið var hleypt af stökunum margvíslegum verkefnum til að safna saman fyrirbyggjandi þekkingu ásamt góðum fyrirmyndum hérlendis sem erlendis, meðal annars um hvernig ná megi árangri í loftslagsmálum og stuðla að heilsvænni byggð með áherslum í skipulagi.

Skipulagsstofnun hefur jafnframt, í samstarfi við ýmsa aðila, staðið fyrir röð morgunfunda til að kynna afrakstur þessara verkefna og fjalla um áhersluatriði stefnunnar. Mikill áhugi hefur verið á fundunum og aðsókn góð.

## Ýmis fróðleikur liggur fyrir

Ástæða er til að vekja athygli á ýmsum fróðleik sem þegar liggur fyrir úr vinnunni til þessa og aðgengilegur er á vefsetri landsskipulagsstefnu, [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is).

Þar má nefna efni sem tekið hefur verið saman um einstök viðfangsefni sem stefnunni er ætlað að fjalla um:

- [Lýðheilsa og skipulag](#) – samantekt Matthildar Kr. Elmarsdóttur, Alta
- [Kolefnisspor landnotkunar](#) – minnisblað Stefáns Gíslasonar, Environice
- [Landslag og vindorka](#) – samantekt Matthildar Kr. Elmarsdóttur, Alta
- [Loftslagsaðgerðir í skipulagi þéttbýlis](#) – fyrirlestur Halldóru Hrólfsdóttur, Alta



Lífið í landslaginu er yfirskipt málþings um landslag, sem haldið verður 26. ágúst nk. og markar lok morgunfundaraðar landsskipulagsvinnunnar.

Þá eru glærakynningar af morgunfundum einnig aðgengilegar á [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is):

- [Glærakynningar](#) af morgunfundi um vindorku og landslag í október 2019 þar sem meðal annars voru kynntar og ræddar erlendar fyrirmyndir fyrir nálgun í landsskipulagsstefnu hvað varðar viðmið fyrir nýtingu vindorku.
- [Glærakynningar](#) af morgunfundi um skipulag landbúnaðarlands í nóvember 2019 þar sem meðal annars var fjallað um flokkun landbúnaðarlands og losun gróðurhúsalofttegunda frá landi og þátt framræsts votlendis í heildarlosun Íslands.
- [Glærakynningar](#) af morgunfundi um loftslagsmál og skipulag í þéttbýli í janúar 2020 þar sem meðal annars var fjallað um fjölbreyttar skipulagsaðgerðir sem beita má í þéttbýli til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, sérstaklega á sviði samgangna, og einnig hvernig hægt er að leggja mat á kolefnisspor sveitarfélaga á skipulagsstigi.

- [Glærakynningar](#) af morgunfundi um tengsl skipulagsmála og lýðheilsu í mars 2020 þar sem meðal annars var gerð grein fyrir þróun lífsstílstengdra sjúkdóma á Íslandi og hvernig útfæra má markmið um lýðheilsu í skipulagi og skapa umhverfi sem hvetur til hollari lífsháttá.

## Lífið í landslaginu – málþing um landslag 26. ágúst

Lokaviðburður morgunfundaraðar landsskipulagsvinnunnar, málþingið *Lífið í landslaginu*, var fyrirhugað í lok marsmánaðar en var frestað fram í ágúst vegna COVID-19 faraldursins. Á málþinginu verður fjallað um skipulag og hönnun í landslagi og meðal annars kynntar niðurstöður viðamikils verkefnis við kortlagningu landslagsgerða á Íslandi sem EFLA hefur unnið fyrir Skipulagsstofnun í tengslum við mótun landsskipulagsstefnu. Nánari upplýsingar um dagskrá og skráningu má nálgast á vefsíðu landsskipulagsstefnu, [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is).

# Leiðbeiningar um vegi í náttúru Íslands

Lengi hefur ríkt óvissa um vegakerfi í óbyggðum, þ.e. hvaða leiðir er heimilt að aka, hvar er um að ræða utanvegaakstur og hver tekur ákvarðanir um slíkt vegakerfi. Með náttúruverndarlögum sem tóku gildi árið 2015 og reglugerð sem sett var á grundvelli þeirra árið 2018 hefur verið fest umgjörð um það hvernig standa skal að ákvörðunum um vegakerfi í náttúru Íslands, þ.e. um aðrar ökuleiðir utan byggða en þær sem tilheyra þjóðvegakerfinu.



Það er á ábyrgð sveitarstjórna að ákveða slíkar ökuleiðir og taka saman í skrá yfir vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi. Vegaskráin skal unnin samhliða gerð aðalskipulags eða eftir atvikum svæðisskipulags. Með vegaskránni verður til heildstæð skráning yfir vegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil,

með eða án takmarkana. Jafnframt er vegaskráin grundvöllur fyrir útgáfu vegakorta, þar á meðal stafrænna korta fyrir GPS-tæki.

Gefnar hafa verið út leiðbeiningar um skráningu vega í náttúru Íslands. Þær má nálgast á vef Skipulagsstofnunar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is).

# Skipulagsglugginn

Áhugaverð skipulagsverkefni



Að þessu sinni opnum við Skipulagsgluggann í Tryggvagötu í miðbæ Reykjavíkur, en Skipulagsglugginn er fastur liður fréttabréfsins þar sem vakin er athygli á áhugaverðum og framsæknum skipulagsverkefnum.

Borgaryfirvöld hafa kynnt áform um breytingar á göturými Tryggvagötu sunnan við Tollhúsið. Í stað bílastæða myndast sólríkt torg þar sem veggmynd Gerðar Helgadóttur á Tollhúspílinu fær betur að njóta sín. Göturými sem að miklu leyti hefur verið lagt undir bíla verður torgrými fyrir viðveru og gegnumferð gangandi og hjólandi. Jafnframt eru áherslur í



efnisvali og endurhönnun götunnar almennt lagðar á að skapa aðlaðandi bæjarrými með forgangi gangandi og hjólandi.

Þessi skipulagsáform tala beint inn í þá lærdóma sem draga má af nýliðnu tímabili samkomutakmarkana, þar

sem fleirum hefur orðið ljóst gildi vandaðra bæjarrýma sem gefa kost á formlegri og óformlegri viðveru utan dyra og góðum aðstæðum fyrir gangandi og hjólandi.